

EFTIRLITSSKÝRSLA

EBK Keflavíkurlugvelli



Dags eftirlits	9.10.2015	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	EBK	Fulltrúi UST	Hrönn G. Guðmundsdóttir
Heimili	Keflavíkurlugvelli	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4604060210	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Halldór Kristjánsson	ÍSAT nr.	63.23.0
Fulltrúi fyrirtækis	Vilberg Karlsson	Staðsetning	322.019 393.230

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein athugasemd var gerð vegna sprungna á mengunarvarnarþró.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skráningar og skiladaga skv. því.

Olíubirgðastöð EBK ehf. er samtengd olíubirgðastöð Oliudreifingar ehf. í Helguvík með olíulögn inn á öryggissvæðið í kringum flugstöð Leifs Eiríkssonar. Rekstraraðili er ábyrgur fyrir þrýstiprófunum lagnarinnar frá tengibrunni við Fuel West og inn í stöð. Olíubirgðastöðin er líka samtengd EAK ehf. (eldsneytisafgreiðslan á Keflavíkurlugvelli) með „hydrantlögn“ sem endar í tengistútum á flughlaði fyrir eldsneytisafgreiðslu á flugvélar. ISAVIA er eigandi hydrantlagnarinnar en rekstraraðili sér um viðhald, eftirlit og þrýstiprófanir á henni.

Fimm geymar eru í stöðinni. Geymar 1, 2 og 3 voru botnþykktarmældir í febrúar 2015 og kemur fram í skýrslu HB Tækniþjónustu að ástand þeirra sé gott. Geymir 4 er neðanjarðartankur fyrir díselolíu og er hann ekki í notkun. Ekki er gert ráð fyrir því að hann verði notaður frekar en í síðasta eftirliti var bent á að blinda, aftengja og hreinsa geyminn. Það hefur ekki verið gert en ætlar rekstraraðili að aftengja geyminn. Geymir 5 er lítil úrgangsolíugeymir, voru geymar 4 og 5 botnþykktarmældir árið 2011.

Neðanjarðarlagnir voru þrýstiprófaðar árið 2012 og lagnir innan þróar sem liggja ofanjarðar voru þykktarmældar sama ár. Rekstraraðili hefur leyfi fyrir þykktarmælingu í stað þrýstiprófunar á ofanjarðarlögnum þar sem erfitt er að þrýstiprófa þær. Lagnir skulu prófaðar/þykktarmældar á 5 ára fresti. Þrýstiprófanir á afgreiðslulögnum eru gerðar á 6 mánaða fresti.

Frárennsli stöðvarinnar fer í gegnum olíuskilju og eru gerðar mælingar árlega með Macherey – Nagel olíuprófi. Síðasta mæling var gerð 2. október sl. og greindust engar olíuleifar á prófinu. Olíuskiljur eru hreinsaðar einu sinni á ári af Hreinsitækni og olíuúrgangurinn nýttur til æfinga slökkviliðs á svæði ISAVIA.

Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Farið var yfir rekstrarhandbók og voru skráningar í lagi.

Engar kvartanir hafa borist vegna starfsemi rekstraraðila.

Starfsleyfið var aðgengilegt eftirlitsaðila í aðstöðuhúsi, sem og afstöðumynd, flæðirit, viðbragðsáætlun, rekstrarhandbók og verklagsreglur um móttöku og afgreiðslu eldsneytis.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Gengið var um stöðina og lekavarnarþró. Girðingar og hlið voru í góðu lagi og stöðin snýrtileg að sjá.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd var gerð við sprungur sem myndast hafa í steyptri mengunarvarnarþró um birgðageyma félagsins. Bent var á í síðasta eftirliti að huga þyrfti að þéttingu þróarinnar.


ANNAÐ

Í síðustu skýrslu var bent á að uppfæra þyrfti áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eða lokunar stöðvarinnar og bæta við kvöðum um greiningar á mengun á lóðinni með synatöku, í samráði við Umhverfisstofnun. Minnt er á þennan lið.

Búið er að lagfæra og steypa plan við stöðvarhús, undir inndælingarlögnum.

Verið var að leggja lokahönd á uppsetningu tveggja nýrra dæla inni í dæluhúsi, sem koma til með að sinna útdælingu upp á flugvöll.

Reykjavík, 22.10.2015



Guðbjörg Stella Árnadóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.